

Engin kreppa í hugarfari leikjaframleiðenda



Samtök iðnaðarins standa ásamt hópi fyrirtækja í leikjaiðnaði fyrir vinnufundum um stefnumótun og framtíðarsýn í greininni. Unnið er samkvæmt stefnumótunaraðferðum sem SI hafa þróað og nú liggja fyrir meginlínur í sameiginlegri framtíðarsýn, forsendum og áhersluverkefnum greinarinnar. Í framhaldinu er stefnt að stofnun Samtaka leikjaframleiðenda (IGI – Icelandic Gaming Industry) sem hefur á sinni könnu að fylgja

eftir helstu áhersluverkefnum greinarinnar.

Framsækin og fjölbreytt útflutningsgrein

Það er engin kreppa í hugarfari þessa hóps, enda hraður vöxtur í greininni á undanförunum árum. Það lætur nærri að veltan í greininni verði um 10 milljarðar króna á árinu 2009. Fulltrúar fyrirtækj-

Framhald á bls. 6



CCP kynnti nýjan tölvuleik á tölvuleikjaráðstefnunni GDC Europe í Köln. Leikurinn sem nefnist Dust 514 verður spilaður á leikjatölvur en ekki hefðbundnar borðtölvur eins og EVE online leikurinn.

Dust 514 verður svokallaður fyrstu persónu skotleikur (FPS) en leggur meiri áherslu á herkænsku en gert er í mörgum slíkum leikjum.



Kaflaskil í Evrópumálum

Alþingi samþykkti í sumar að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Þar með eru orðin kaflaskil í Evrópumálum. Samtök iðnaðarins hafa lengi haft þá stefnu að sækja beri um aðild að Evrópusambandinu. Sú stefna var mótuð löngu áður en núverandi efnahags-erfiðleikar komu til og mótast því ekki af þeim.

Í hönd fara samningaviðræður þar sem mikilvægt er að halda vel á heildarhagsmunum þjóðarinnar. SI munu hér eftir sem hingað til leggja sig fram um að halda fram hagsmunum iðnaðarins í þessu máli. Mikilvægt er að halda öllum hagsmunum til haga og leggja þá á vogarskálarnar þegar gengið er frá samningi og hann að lokum lagður í dóm þjóðarinnar.

Samtök iðnaðarins bjóða fram krafta sína í því mikilvæga ferli sem fram undan er og treysta því að vera höfð með í ráðum á öllum stigum málsins frá upphafi til enda.

Skemmdarverk unnin á tilraunareit ORF Líftækni

Skemmdarverk voru unnin á tilraunareit fyrirtækisins ORF Líftækni í Gunnars-holti fyrir stuttu. Um tilraunaræktun á erfðabreyttu byggi var að ræða og er það allt ónýtt. Engin uppskera mun því fást úr reitnum í haust eins áætlanir gerðu ráð fyrir.

Í síðasta tölublaði Íslensk iðnaðar var

sagt frá því að ORF Líftækni hefði fengið leyfi frá Umhverfisstofnun til útiræktunar á erfðabreyttu byggi í tilraunaskyni með ströngum skilyrðum og undir eftirliti stofnunarinnar. Þá var einnig greint frá andstöðu hóps fólks við verkefnið og að fulltrúum Umhverfisstofnunar var m.a.

Framhald á bls. 6

bls. 2

Sundur-lyndis-fjandinn

bls. 3

Styrkir til vinnustaða-kennslu

bls. 4 - 5

Hættum að kaupa og selja svarta vinnu

bls. 7

Stóriðju-framkvæmdir skynsamlegar

bls. 8



Nú er þörf fyrir verk- og tæknimenntun

Sundurlyndis- fjandinn



Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri SI

Í þrengingum og vanda ríður á að samstaða náist um markmið og leiðir. Víðsýni, skynsemi og fyrirhyggja verða að ráða för frekar en þröngsýni, heimótti og skammsýni. Við vitum að á næstu misserum og árum bíða okkar erfið úrlausnarefni sem felast í því að rísa undir skuldabyrði og byggja upp þróttmikið atvinnulíf. Atvinnulíf sem getur selt vörur og þjónustu úr landi samtímis því að byggja upp traust umheimsins á Íslandi og Íslendingum en ekki síður traust okkar sjálfra og trú á eigin framtíð.

Fróðleg saga

Í lok 19. aldar gekk harðæri yfir Ísland. Þá greip fjöldi fólks til þess ráðs að flytjast vestur um haf og hefja nýtt líf. Þeir sem áhrifamestir voru og réðu mestu um örlög fyrstu Vesturfarana áttu sér draum um að stofna nýtt Ísland á nýjum stað. Saga hinna íslensku Vesturfara er í senn fróðleg og raunaleg og sannarlega má draga af henni lærdóm í samtímanum þegar Ísland stendur á tímamótum.

Draumurinn sem varð að martröð

Forsprakkar hins nýja Íslands ákváðu að finna stað í Kanada sem væri afskekktur og fjarri öðrum til þess að unnt yrði að halda íslenskri byggð hreinni og eiga sem minnst samskipti við aðra. Það leiddi til þess, þrátt fyrir ábendingar og viðvaranir kunnugra, að Íslendingarnir höfnuðu frjósömum akuryrkjulöndum en völdu Nýja Íslandi stað við Winnepeg-vatn, hrjóstrugum stað sem enn þann dag í dag þykir ekki fýsilegur til búsetu eða búskapar. Þar var hokrið síst betra en í gamla landinu og kostaði mörg mannlíf en þrátt fyrir að fljótlega kæmi í ljós að staðurinn væri óheppilegur var haldið áfram að beina Vesturförum þangað. Íbúar Nýja Íslands vildu ekki vinna saman að því að reisa skemmur og bæi og leggja vegi og byggja brýr til þess að tengja sig við nauðsynlega markaði. Þess í stað vildi hver reisa sinn kofa á eigin spýtur og huga einn að sínu. Í Nýja Íslandi átti að tala íslensku, halda íslenskum siðum og eiga sem minnst samskipti við „útlendinga“, sem raunar voru allir innflytjendur eins og Íslendingarnir sjálfir. Deilur í trúmálum og um framtíð hinnar nýju byggðar mögnuðust samtímis því sem kjör versnuðu. Niðurstaðan varð auðvitað sú að draumurinn um Nýja Ísland varð að martröð, fólk flosnaði upp og fann sér betri bústaði. Þeir Vesturfara sem gerðu sér far

um að samlagast því samfélagi sem fyrir var áttu síðan mestu og bestu láni að fagna.

Sporin ættu að hræða

Því er ekki að neita að ótrúlega auðvelt er að draga hliðstæður frá þessum löngu liðnu tímum til orðræðu nútímans og afstöðu til þeirra viðfangsefna sem við stöndum frammi fyrir. Sannar það sjálfsagt að mannskepnan er ávallt söm við sig. Við eigum þó ekki annan kost en gera allt sem hægt er til þess að koma í veg fyrir að hið nýja Ísland nútímans hljóti sömu örlög og hið fyrra. Við verðum að velja veg samvinnu og samskipta í stað einangrunar.

Sameiginleg sýn

Við þurfum að sameinast um grundvallaratriði, langtíamarkmið og viðhorf, sem stuðla m.a. að því að gera atvinnulíf þróttmikið og samkeppnishæft og þjóðina upplitsdjarfa. Við þurfum að:


- leggja áherslu á útflutning vöru og þjónustu með miklum virðisauka
- standa vörð um iðn-, verk- og tæknimenntun hvers konar
- nýta auðlindir af skynsemi
- ganga í Evrópusambandið og taka upp evru
- endurvinna traust á alþjóðavettvangi
- viðurkenna að margt er gott að vinna í samvinnu við aðrar þjóðir
- viðurkenna að Íslendingar eru dugmiklir en það eru aðrar þjóðir líka
- koma í veg fyrir að ungt og vel menntað fólk hverfi úr landi
- gera íslenskum fyrirtækjum unnt að vaxa og dafna og sækja á erlenda markaði
- gera Ísland fýsilegt fyrir erlenda fjárfesta, t.d. á sviði gagna- og tölvuvinnslu
- örva nýsköpunar- og sprotastarfsemi
- muna að dramb er falli næst

Látum ekki sannast að við Íslendingar séum þrjóskir, sjálfumgláðir og þykjumst geta allt best sjálfir og einir. Látum ekki okkar drauma verða að martröð.

Mikil aukning námskeiða hjá IÐUNNI

Nú þegar þriðja starfsári IÐUNNAR er lokið og það fjórða að hefjast er gaman að skoða árangurinn. Sameining fræðslumiðstöðva í iðnaði hefur skilað sér með skýrum hætti í mun öflugri starfsemi undir merkjum IÐUNNAR. Heildarfjöldi námskeiða hefur farið frá því að vera 124 árið 2006 í 240 árið 2008 sem er um 93% aukning. Fjöldi þátttakenda á námskeiðum hefur einnig vaxið. Á árinu 2006 voru þátttakendur samtals 1.366 en á árinu 2008 var fjöldinn samtals 2.190 sem er aukning um 60%. Heildarfjöldi námskeiða á vorönn 2009 var 118 og þátttakendur á þeim voru 962.

Hlutverk IÐUNNAR er að sjá fyrirtækjum og einstaklingum fyrir nýrri þekkingu og færni þegar hennar er þörf. Áhersla er lögð á að bregðast skjótt við þörfum iðnaðarins fyrir nýja þekkingu. Með öflugri símenntun laga einstaklingar starfsþróun sína að kröfum atvinnulífsins og með þeim hætti verður þekking þeirra verðmætari bæði fyrir þau sjálf og samfélagið í heild. IÐAN býður fyrirtækjum og einstaklingum markviss tækifæri og lausnir í símenntun. Á vegum IÐUNNAR fer fram greining á þörfum fyrirtækja fyrir þekkingu. Þjálfun og þekkingu er miðlað á þann hátt að það hentar



aðstæðum og þörfum hvers og eins, hvort sem um er að ræða kennslu í skólastofu, þjálfun á vinnustað eða einstaklingsbundna leiðsögn.

Margt nýtt og spennandi verður í boði nú á haustönn og verður það kynnt nánar í næsta blaði en rétt er að vekja athygli á verkefni sem hlaut styrk úr Starfsmenntasjóði sem nefnist Starfshvatning á vinnustað. Starfshvatning snýst um að auðvelda stjórnendum og eða starfsmannastjórum að byggja upp góðan starfsanda á vinnustað í kjölfar mikilla breytinga. Um er að ræða námskeið sem ætlað er stjórnendum/ starfsmannastjórum og almennu starfs-



fólki í iðnfyrirtækjum auk handleiðslu fyrir stjórnendur. Verkefnið er samstarfsverkefni IÐUNNAR og Starfsafls og er iðnfyrirtækjum að kostnaðarlausu.

Úrsmiðir í 100 ár

Fyrirtækið F. Michelsen fagnar á árinu 100 ára afmæli. Frank Úlfar Michelsen úrsmiður rekur fyrirtækið í dag en það var stofnað af afa hans fyrir einni öld.

Árið 1909 stofnaði J. Franch Michelsen úrsmiðameistari fyrirtækið F. Michelsen úr og gullsmíði. Einn sona hans, Franch, lærði hjá föður sínum, hélt síðan til frekari náms í Kaupmannahöfn og kom svo heim og rak fyrirtækið með föður sínum fram að andláti hans 1954. Það er óhætt að segja að hefðinni hafi verið viðhaldið því Frank Úlfar lærði iðnina hjá föður sínum og útskrifaðist sem úrsmiðameistari frá WOSTEP í Sviss árið 1978 og starfaði við hlið föður síns alla tíð. Hann keypti fjölskyldufyrirtækið árið 1999 á 90 ára afmæli þess. Róbert sonur Franks er síðan nýkomin heim úr framhaldsnámi í úrsmíði í Sviss og er þar með fjórði ættliðurinn sem leggur fyrir sig iðnina. Saman reka þeir feðgar nú Michelsen sem er til húsa að Laugavegi 15.

Í tilefni afmælisins verður endurvakin úrategundin Michelsen sem J. Frank Michelsen framleiddi fyrir 60 árum síðan.

Styrkir til vinnustaðakennslu

Samtök iðnaðarins auglýsa styrki til iðnfyrirtækja sem annast vinnustaðakennslu. Styrkirnir eru veittir til að efla kennslu og þjálfun í iðngreinum sem fyrirtæki hafa þörf fyrir en erfitt er að fá nemendur í.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað á www.si.is/vinnustadakennsla.

Einnig veitir Ingi Bogi Bogason upplýsingar í síma 591 0126.



Umsóknarfrestur: 17. október 2009



Hættum að kaupa og selja svarta vinnu

Í sumar hleyptu SI af stökkunum nýrri auglýsingaherferð með slagorðinu Stendur þú skil á þínu? Tilgangur herferðarinnar er að sporna gegn svartri atvinnustarfsemi og vekja fólk til umhugsunar um að skattsvik af þessu tagi kosta samfélagið tugi milljarða árlega. Tugi milljarða sem þarf að sækja með niðurskurði eða hærri sköttum til þeirra sem standa skil á sínu. SI beina því sérstaklega til félagsmanna sinna að fara að lögum og reglum í sínum rekstri. Þá er einnig hægt að ætlast til þess af öðrum.



Stendur þú skil á þínu?


Samfélagið er svikið um 40 milljarða vegna svartrar atvinnustarfsemi

Talið er að tekjutap hins opinbera vegna skattsvika nemi nálægt 40 milljörðum á hverju einasta ári. Fyrir þá fjárhæð væri hægt að reka Landspítalann í eitt ár eða reka alla almenna heilsugæslu í tvö ár eða byggja nýtt hátækni sjúkrahús.

Hættum að kaupa og selja svarta vinnu!



Samtök iðnadaarins - www.si.is



STENDUR ÞÚ SKIL Á ÞÍNU?

Samfélagið er svikið um 40 milljarða vegna svartrar atvinnustarfsemi

Talið er að tekjutap hins opinbera vegna skattsvika nemi nálægt 40 milljörðum á hverju einasta ári. Fyrir þá fjárhæð væri til dæmis hægt að standa straum af heildarútgjöldum ríkissjóðs til menntamála í eitt ár eða bjóða upp á ókeypis skólamáltíðir fyrir 40 þúsund grunnskólanemendur í 13 ár.

Hættum að kaupa og selja svarta vinnu!

Áætlað er að samfélagið sé svikið um 40 milljarða vegna svartrar atvinnustarfsemi

- Fyrir 40 milljarða má leggja hefðbundinn
- Fyrir 40 milljarða má tvöfalda allar einbrunnur og byggja Sundabraut
- Fyrir 40 milljarða má tvöfalda Suðurlandshöfn í Bakkafjöru og kaupa nýjan Herjólfur
- Fyrir 40 milljarða er hægt að fjármagna
- Fyrir 40 milljarða er hægt að fjármagna
- Fyrir 40 milljarða er hægt að fjármagna
- Fyrir 40 milljarða má standa straum af öllum vegna erlendra lána í kjölfar efnahagshrunna
- Fyrir 40 milljarða er hægt að minnka skattburðunum
- Fyrir 40 milljarða er hægt að afnema tryggingar
- Fyrir 40 milljarða er hægt að fjármagna
- Fyrir 40 milljarða er hægt að byggja hátækni sjúkrahús
- Fyrir 40 milljarða er hægt að reka alla almenna heilsugæslu
- Fyrir 40 milljarða má greiða laun allra grunnskólakennara
- Fyrir 40 milljarða má bjóða upp á ókeypis grunnskólanemendur í 13 ár

Það munar um

SKIL Á ÞÍNU?



Samtök iðnaðarins - www.si.is

Áætlað umfang skattsvika

Skattsvik hafa verið áætluð á bilinu 8,5% - 11,5% af heildarskatttekjum ríkis og sveitarfélaga.

þar af er:

Svört atvinnustarfsemi 5 - 8%

Bókhalds- og framtalssvik 1 - 2%

Skattsvik vegna erlendra samskipta ... 1 - 1,5%

Árið 2008 má reikna með að tekjutap hins opinbera vegna skattsvika hafi verið á bilinu 44,8 - 60,7 milljarðar.

Árið 2009 má reikna með að tekjutap hins opinbera vegna skattsvika verði á bilinu 39,3 - 53,2 milljarðar.

Ábendingar um skattsvik

Ábendingu um meint skattsvik til skattrannsóknarstjóra ríkisins er unnt að senda með því að fylla inn í innsláttarformið á vefsetrinu www.skattrann.is. Einnig er hægt að senda tölvupóst beint á netfangið skattsvik@skattrann.is.

Stendur þú skil á þínu?

Samfélagið er svikið um 40 milljarða vegna svartrar atvinnustarfsemi

Talið er að tekjutap hins opinbera vegna skattsvika nemi nálægt 40 milljörðum á hverju einasta ári. Fyrir þá fjárhæð væri annað hvort hægt að leggja hefðbundinn þjóðveg hringinn í kring um landið eða tvöfalda allar einbreiðar brýr, tvöfalda Hvalfjarðargöngin og leggja Sundabraut.

Hættum að kaupa og selja svarta vinnu!

svikið um 40 milljarða árlega emi

- dinn þjóðveg hringinn um landið
- einbreiðar brýr á landinu, tvöfalda
- ut
- landsveg, bora Vaðlaheiðargöng, byggja
- erjólfr
- gna rekstur Alþingis í 17 ár
- gna rekstur Háskóla Íslands í 3 ár
- gna rekstur Landhelgisgæslunnar í 14 ár
- af öllum vaxtagreiðslum hins opinbera
- shrunsins
- a skattaálgur á einstaklinga um 36%
- a tryggingagjaldið
- gna rekstur Landspítalans í eitt ár
- hátækni sjúkrahús
- la almenna heilsugæslu í landinu í tvö ár
- ra grunnskólakennara í Reykjavík í 4 ár
- keypis skólamáltíðir fyrir 40 þúsund

ar um minna



Samtök iðnaðarins - www.si.is



Skemmdarverk unnin...

Framhald af forsiðu

afhentur undirskriftarlisti þar sem skorað var á stofnunina að veita ekki leyfið.

Samkvæmt fréttamiðlinum visir.is barst fréttastofu nafnlaus tölvupóstur frá aðilum sem kalla sig Illgresi og lýsa sig ábyrg af verknaðinum. Hópurinn segir tilraunir ORF með ræktun á erfðabreyttu lyfjabyggi ryðja brautina fyrir ræktun erfðabreyttra lífvera almennt á Íslandi, sem hópurinn telur hættuleg umhverfinu og dýrum.

Umfangsmiklar rannsóknir hafa sýnt fram á að tilraunaræktun ORF er ekki skaðleg umhverfinu. Verkefnið fékk faglega umfjöllun hjá Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun og ráðgjafanefnd sem sáu ekki ástæðu til koma í veg fyrir ræktunina.

Ræktunin er liður í rannsóknar- og þróunarstarfsemi fyrirtækisins sem miðar að því að framleiða verðmætar afurðir fyrir lækisfræðilegar rannsóknir, snyrtivöruiðnaðinn og lyfjaþróun. Tjónið er mikið fyrir fyrirtækið og hleypur líklegast á milljónum.


Samtök iðnaðarins fordæma verknaðinn og benda á að ORF Líftækni er nýsköpunarfyrirtæki, byggt á íslensku hugviti sem gefur tækifæri til verðmætastöðvunar og uppbyggingar græns iðnaðar sem nýtir endurnýjanlega orkugjafa til framleiðslu á verðmætum afurðum. Mikil sóknarfæri liggja í þessari tækni fyrir íslenskt atvinnulíf, ekki síst nú þegar við þurfum á kröftugri uppbyggingu að halda til að komast út úr þeim erfiðleikum sem við okkur blasa.

Vinnustaðanám á Norðurlöndum

IDAN fræðslusetur hefur tekið að sér í umboði menntamálaráðuneytisins að annast undirbúning, framkvæmd og úthlutun styrkja frá Norrænu ráðherranefndinni til nemenda í iðn- og starfsnámi. Úthlutað er úr sjóðnum tvisvar á ári, í júní og október. Síðari umsóknarfrestur er 15. september.

Norræna ráðherranefndin styrkir nemendur í öllu iðn- og starfsnámi til að stunda hluta af vinnustaðanámi sínu á Norðurlöndum. Hámarksdvöl er sex mánuðir og lágmarksdvöl er tveir mánuðir.

Atvinnuleysi 2007-2009



Heimild: Vinnuálagstofnun

Í júlí var skráð atvinnuleysi 8,0% sem jafngildir því að tæplega 14 þúsund manns voru án vinnu. Atvinnuleysi hefur minnkað nokkuð frá því það náði hámarki í apríl sl. og skýrist líklega af árstíðabundnum sveiflum í atvinnustigi.

Langtímaatvinnuleysi eykst einnig nokkuð og þeir sem hafa verið án vinnu lengur en 6 mánuði voru ríflega 7.000.

Það sem vekur hins vegar athygli er að ríflega 1.000 störf voru laus hjá vinnumiðlunum í lok júlí og reglulega heyrst af erfiðleikum sumra fyrirtækja við að manna störf.

Líklegt er að atvinnuleysi aukist aftur þegar tekur að líða á haustið.

Engin kreppa í hugarfari leikjaframleiðenda

(framhald af forsiðu)

anna sjá fyrir sér ótakmörkuð tækifæri til vaxtar á komandi árum. Hópurinn horfði til ársins 2013, með þá sýn að þá verði starfandi tugir fyrirtækja í leikjaframleiðni með þúsundir starfsmanna. Hópurinn sér fyrir sér fjölbreytta og fram-sækna útflutningsgrein, sem byggir að verulegu leiti á rafrænum viðskiptum. Leikjamening er staðreynd og tölvuleikir tengjast í auknum mæli öllum þáttum daglegs lífs og hafa margvíslegu hlutverki að gegna, m.a. í mennta- og heilbrigðisferfinu.

Mikil fjölbreytni

Stærstu fyrirtækin á Íslandi í greininni í dag eru CCP sem hefur byggt upp EVE-online netheiminn, Betware sem hefur sérhæft sig lausnum fyrir happdrættis-, talna- og getraunaleiki og Gogogic sem vinnur að leikjum og lausnum fyrir farsíma, auglýsendur ofl. Þá eru að spretta upp áhugaverðir sprotar á borð við Mind Games sem vinnur að þróun leikja í þeim tilgangi að þjálfa einbeitingu og slökun. Fyrirtæki frá Finnlandi, Sauma Technologies sem vinnur að þróun herkænskuleikja fyrir internetið, hefur einnig sett upp útibú hér á landi. Innan háskóla og nýsköpunarsetra er einnig unnið að fræðslu og þróun á sviðinu, sem m.a. miðar að því að útunga nýjum fyrirtækjum.

Hvað þarf til?

Þó frumkvæði og trú frumkvöðla á íslenska framtíð vegi þungt þá er ljóst að ýmislegt þarf að bæta í starfsumhverfi

þeirra til að gera svo metnaðarfulla framtíðarsýn að veruleika. Grundvallaratriði er að efla stöðir nýsköpunar, m.a. með því að taka upp endurgreiðsluferfi rannsókna- og þróunarkostnaðar. Örva þarf fjárfesta og frumkvöðla til að fjárfesta í uppbyggingu fyrirtækjanna með skattalegri hvatningu og efla sjóði og aðra aðila sem styðja þróunar- og markaðsstarf fyrirtækjanna. Að þessu er nú unnið að hálfu stjórnvalda sem er mikið fagnaðarefni.

Einnig þarf að efla samstarf háskóla og leikjafyrirtækja og hlúa þarf vel að nýjum sprotum sem eru að vaxa upp í tengslum við háskóla og nýsköpunarsetur, m.a. með því að veita þeim faglegan stuðning og aðstöðu. Þá þurfa yfirvöld skóla- og heilbrigðisstofnana að vera opin fyrir aðferðafræði leikja- og upplýsingatæknifyrirtækjanna við að auka hagræðingu og gæði á öllum stigum mennta- og heilbrigðisþjónustu.

Icelandic Gaming Industry

Stjórnendur fyrirtækjanna gera sér vel grein fyrir mikilvægi þess að hafa skýra stefnu og sýn á framtíðina, sem fylgja þarf eftir með markvissum hætti. Þau hyggjast formgera samstarf sitt og fylgja stefnumálum sínum eftir undir merkjum Icelandic Gaming Industry (Samtök leikjafyrirtækja) sem ætlunin er að stofnsetja á haustdögum. Þessi samtök myndu þar með bætast í virkan hóp þeirra samtaka sem vinna undir merkjum Samtaka iðnaðarins á hátækni- og sprotavettvangi.

Stóriðjuframkvæmdir skynsamlegar

Þegar mikill slaki er í hagkerfinu, hátt atvinnuleysi og stöðnun, hafa stóriðjuframkvæmdir mikinn þjóðhagslegan ábata í för með sér. Þetta er skýr niðurstaða nýrrar skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um áhrif stóriðju á íslenskt efnahagslíf sem nýlega var birt og var unnin fyrir Iðnaðarráðuneytið. Annars vegar eru áhrifin jákvæð á vinnu- markaðinn og hins vegar er talin lítil hætt á ruðningsáhrifum vegna slíkra framkvæmda.

Aukinn virðisauki launa

Stórar mannaflsfrekar framkvæmdir geta haft töluverð áhrif á litlum vinnu- markaði, svo sem þeim íslenska. Spurn eftir vinnuafli eykst og þegar atvinnustig er hátt, þ.e. lítið atvinnuleysi, er ekki hægt að mæta þeirri eftirspurn nema með aukinni atvinnuþátttöku, lengri vinnu- tíma, með því að fólk færi sig um set frá öðrum fyrirtækjum eða að flutt sé inn vinnuafli. Mál horfa öðru vísi við þegar atvinnuleysi ríkir. Þá eru meiri líkur á að hægt verði að ráðast í stórframkvæmdir án þess að laun hækki og önnur störf tapist. Í skýrslunni er bent á að laun í álverum eru yfirleitt hærri en í öðrum sambærilegum störfum og virðist launamunurinn vera 33-50% miðað við meðallaun í landinu. Tilfærsla vinnuafls úr verr launuðum störfum í störf í álveri og tengd störf leiðir til þess að virðisauki vegna launa í hverju starfi verður meiri og landsframleiðsla þar með hærri. Þannig eykst landsframleiðsla bæði við það að iðnaðarmaður hefji störf hjá álveri ef laun hans áður voru lægri, og ef

verkfræðingur hefur störf á stofu sem sérhæfir sig í vinnu fyrir álver ef laun hans þar eru hærri en þau voru í starfinu sem hann sinnti áður. Á þennan hátt getur tilkoma álvers orðið til þess að ryðja burtu öðrum verr launuðum störfum, en þau ruðningsáhrif munu væntanlega leiða til þess að landsframleiðslan aukist þar sem nýju störfin skapa meiri virðisauka. Þegar atvinnuleysi er mikið, eins og nú, er ábatinn sérstaklega mikill þar sem enginn ruðningur á sér stað.

Sveiflujafnandi áhrif

Um tíma voru nokkrir virtir hagfræðingar á því að aukid vægi stóriðju í íslenska hagkerfinu gæti haft áhrif til aukinna hagsveiflna. Þessu hafnar skýrsla Hagfræðistofnunar og segir að stóriðja hafi þvert á móti sveiflujafnandi áhrif. Auk þess hafi aukin notkun áhættuvarna álfyrirtækja vegna sveiflna í álverðir gert það að verkum að sveiflujafnandi áhrif greinarinnar hafa verið vanmetin.

Hagstjórn og umræða um hagstærðir á Íslandi snérist um margra áratuga skeið að miklu leyti um sjávarútveg. Sjávarf- urðir voru þá uppistaða vöruútflutnings og réð landaður afli og útflutningsverð- mæti hans að miklu leyti hagsveiflum á Íslandi. Undanfarinn áratug hefur hlut- fallslegt mikilvægi sjávarútvegs í hagkerfinu minnkað umtalsvert, fyrst og fremst vegna aukins vægi þjónustu. Sé litið á þróun í verðmæti vöruútflutnings undanfarna fjóra áratugi kemur í ljós að hlutfallslegt vægi sjávarútvegsafurða hefur farið ört minnkandi en hlutur áls hefur á sama tíma vaxið. Frá árinu 1969, þegar álverid í Straumsvík tók til starfa, hefur hlutur áls í vöruútflutningi tæplega fimmfaldast en hlutur sjávarútvegs nær helmingast. Árið 2007 nam útflutnings- verðmæti áls meira en fjórðungi af heildarverðmæti alls vöruútflutnings í hagkerfinu og árið 2008 var hlutur áls meiri en hlutur sjávarútvegs. Er það í fyrsta sinn sem verðmæti útflutts áls er



meira en sjávarafurða en á þessu ári snýst dæmið líklega aftur við vegna lækkunar á álverð.

Langtímanýting orkuauðlinda

Í skýrslu Hagfræðistofnunar er vikið að langtímanýtingu orkuauðlinda. Í því samhengi skiptir einna mestu að skilgreina réttindi eigenda þeirra auðlinda og jarðnæðis sem um ræðir. Bent er á að samkvæmt lögum sé hægt að leigja nýtingu auðlinda og til að tryggja þjóðhagslega hagkvæmni nýtingarinnar þarf að tryggja að leigutíminn sé sem lengstur og að möguleikar á því að endurskilgreina nýtingamöguleika séu til staðar.

Þjóðhagslegur ávinningur í hámarki

Samanlögð framleiðslugeta álvera á Íslandi er nú tæp 800 þúsund tonn. Gangi fyrirhugaðar framkvæmdir álfyrirtækja á Íslandi eftir má ætla að heildarframleiðslugeta áliðnaðarinnar á Íslandi árið 2015 verði um 1.260 þúsund tonn á ári. Miðað við niðurstöður Hagfræðistofnunar er sérstaklega heppilegt að ráðast í framkvæmdir á næstu misserum m.a. í ljósi þess hve veikum fótum efnahagslífið stendur. Við þessar aðstæður er þjóðhagslegur ávinningur slíkra framkvæmda í hámarki.

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
08. tbl. 15. árg. Ágúst 2009
ISSN 1022-7741

För í prentsmíðu: 21.08.2009
Prentvinnsla: Prentækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán
Útgefandi: Samtök iðnaðarinnar, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson
Ritstjóri/efnisöflun: Rakel Pálsdóttir
Prófaralestur: Rakel Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Nú er þörf fyrir verk- og tæknimenntun

Samtök iðnaðarins hafa varað við flöt- um niðurskurði í iðnmenntun og verk- og tæknifræði. Framundan eru tímar mikillar innlendirar framleiðslu en grunnur að henni er einmitt menntun og þjálfun í verk- og tæknigreinum. Við þessar að- stæður þurfa stjórnvöld að hafa skýra sýn á hvaða menntun skilar þjóðarbúinu mest og hraðast aukinni verðmætaaukun- ingu. Til að varpa frekara ljósi á málið var leitað álits hjá nokkrum forsvars- mönnum fyrirtækja í Samtökum iðnaðar- ins.

Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls:



„Alcoa og þeir fjöl- mörgu verktakar og þjónustufyrirtæki sem starfa með okkur eru sífellt að leita að öfl- ugu fólki. Nú þegar kreppir að er alveg nauðsynlegt að undir- búa sem flesta til að

takast á við flóknari verkefni með því að standa vörð um og helst að efla iðn- menntun, verkfræði- og tæknifræði,” segir Tómas. „Það skilar sér hjá þeim fyrirtækjum sem eru í rekstri og er einnig grundvöllur nýsköpunar og nýrra tækifæra.“

Tómas telur að nú sé tími til að hag- ræða og forgangsraða. Samstarfi milli stofnana og út fyrir landsteinana þurfi að halda opnu og efla.

„Ég legg áherslu á að það er ákaflega mikilvægt að mæta þeim fjölbreyttu þörfum sem nemendur hafa. Inn í menntakerfið sækir nú fólk sem kemur með reynslu úr atvinnulífinu, á hugsan- lega eftir að klára sitt nám eða vill bæta við sig. Slíkt verður að vera áfram í boði.“

Bjarni Thoroddsen, framkvæmdastjóri Stálsmiðjunnar:



„Það vantar heila kynslóð í málmíðnað- inn,” segir Bjarni.

„Samtök iðnaðarins og félög í málmíðnaði hafa að undanfögnu hafið áttak til að laða að ungt fólk í málm- íðnaðinn. Miklu fjár- magni og mannskap hefur verið varið til kynningarátaks í þessu skyni. Átakið er byrjað að skila sér í aukinni aðsókn, t.d. í Borgarholtsskóla.“

Bjarni telur að nú sé hárréttur tími til að auka framboð á kennslu í málmíðnaði. Ungu fólkið sem velur núna að læra málmíðnir kemur á vinnumarkaðinn eftir 2-4 ár en þá er atvinnulífið að rétta úr kútnum.

„Það er því rík ástæða til að hvetja stjórnvöld til að trufla ekki ferlið. Það væri agalegt að skera niður nám sem við erum búnir að leggja mikið á okkur til að efla,” segir Bjarni. „Það væri líka sorglegt ef við hefðum ekki hæfan mannskap til starfa í þeim greinum sem mun stytta skuldahala framtíðarinnar.“

Anna María Jónsdóttir, stjórnarmaður SI

„Það væri skelfilegt fyrir framgang iðn- og starfsnáms ef dregið væri úr framboði þess nú,” segir Anna María Jónsdóttir. „Hvað hafa stjórnmaðmenn ekki alltaf



talað um? Að auka veg og vanda iðn- og starfsnáms. Hvernig geta slíkar yfirlýsingar rímað saman við þann gjörning sem í vændum er?

Anna María segir að ráðuneyti menntamála

eigi og verði að leggja línuna í sparnaði í skólum. Það sé hvorki sanngjarnt né skynsamlegt að leggja það í hendur skólastjórnenda hvar skuli skorið niður.

„Það þarf ekki geimvísindamann til að reikna út afleiðingarnar,” segir Anna María. „Fyrirtækin munu í enn ríkara mæli skorta fagfólk á næstu árum, ein- mitt þegar við þurfum á því að halda til að hala okkur upp úr versta sögulega atvinnuástandi hér á landi.“

Mentor í alla grunnskóla í Örebro



Myndin er af starfsmönnum Mentors á Íslandi og í Svíþjóð á stefnumótunarfundi á Ven

Mentor skrifaði í liðnum mánuði undir samning við Örebro um að innleiða InfoMentor í alla grunnskóla sveitarfélagsins. Um er að ræða 47 grunnskóla með rúmlega 15.000 nemendum og 1.000 kenn- urum. Þetta er stærsti samningur sem Mentor hefur gert en Örebro er sjöunda stærsta sveitarfélag Svíþjóðar.

Mentor er þekkingarfyrirtæki sem hefur það að leiðarljósi að veita skólum þekk- ingu og þjónustu til aukins árangurs. Erlendis er það þekkt undir vörumerkinu InfoMentor.

Árið 2007 sameinaðist Mentor sænska fyrirtækinu P.O.D.B og hefur sú samein- ing gengið mjög vel. Mentor er nú kom- inn með rúmlega 10% markaðhlutdeild á

sænska grunnskólamarkaðinum. Hjá Mentor vinna 26 starfsmenn þar sem helmingur er staðsettur á Íslandi og helmingur í Svíþjóð. Öll hönnun og þróun Mentorkerfisins fer fram hérlandis en sænska fyrirtækið sér um sölu, ráðgjöf og innleiðingu kerfisins í Svíþjóð.

Mentor er í eigu frumkvöðla en auk þess er Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hluthafi í fyrirtækinu. Mentor hefur feng- ið styrki frá Tækniþróunarsjóði til ný- sköpunar sem skipt hefur gríðarlegu máli fyrir fyrirtækið. Mentor stefnir að því að verða í fremstu röð fyrirtækja á sviði upplýsingakerfa fyrir skóla í Evrópu.

Mentor er jafnframt handhafi Vaxta- sprotans 2008 og 2009.